



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð  
**Sendandi:** Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Efni: Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vegna skólaársins 2022-2023***

Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vegna skólaársins 2022-2023 voru afhent í þrennu lagi, í viðkomandi leikskólum á Degi leikskólans 6. febrúar 2023, á Öskudagsráðstefnu fyrir grunnskólakennara 22. febrúar 2023 og á frístundaráðstefnunni Höfuð í bleyti 9. maí 2023. Markmiðið með verðlaununum er að vekja athygli á gróskumiklu starfi sem fram fer í leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skólahljómsveitum Reykjavíkurborgar. Verðlaununum er ætlað að veita starfsfólki þessara starfsstaða jákvæða hvatningu og stuðla að nýbreytni og þróunarstarfi.

Verðlaunin sem veitt voru starfsstöðum voru listmunir eftir Einar Baldursson ásamt viðurkenningarskjali. Samstarfsverkefni sem hlutu viðurkenningar fengu viðurkenningarskjöl.

### **Hvatningarverðlaun fyrir leikskólastarf**

- Leikskólinn Hálsaskógur fyrir verkefnið *Tilfinningaverkefnið*
- Leikskólinn Klambrar fyrir verkefnið *Tónlistaráhugi*
- Leikskólarnir Grandaborg, Gullborg og Ægisborg fyrir verkefnið *Barnið sem fullgildir þátttakandi í lærdómssamfélagi*

### **Hvatningarverðlaun fyrir grunnskólastarf**

- Háteigsskóli fyrir verkefnið *Menntun hugar og hjarta – nemandinn sem manneskja*
- Laugarnesskóli fyrir verkefnið *Lista- og menningarráð Laugarnesskóla*
- Víkurskóli fyrir verkefnið *Regnboginn*

### **Hvatningarverðlaun fyrir frístundastarf**

- Félagsmiðstöðin Frosti fyrir verkefnið *Ex Menn listaklúbbur*
- Félagsmiðstöðin Hellirinn fyrir verkefnið *Einstaklingsáætlanir með börnum og unglungum*
- Frístundaheimilið Klapparholt fyrir verkefnið *Frístundalæsi í Klapparholti*

### **Viðurkenning fyrir samstarfsverkefni**

- Félagsmiðstöðin Tjörnin fyrir samstarfsverkefnið *Tökum samtalið: Klám er ekki kynfræðsla*
- Fellaskóli, leikskólinn Holt, leikskólinn Ösp og frístundaheimilið Vinafell fyrir verkefnið *Málþroski og læsi í Fellahverfi*